

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 23/2020

frá 7. febrúar 2020

um breytingu á XIII. viðauka við EES-samninginn (Flutningastarfsemi)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/732 frá 17. maí 2018 um sameiginlega aðferðafræði fyrir samanburð á einingarverði óhefðbundins eldsneytis í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/94/ESB ⁽¹⁾.
- 2) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 5b (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/674) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

„5c. **32018 R 0732:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/732 frá 17. maí 2018 um sameiginlega aðferðafræði fyrir samanburð á einingarverði óhefðbundins eldsneytis í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/94/ESB (Stjtið. ESB L 123, 18.5.2018, bls. 85).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/732, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 8. febrúar 2020, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. sammingsins hafi farið fram (*), eða á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 23/2018 frá 9. febrúar 2018 ⁽²⁾, eftir því hvor dagsetningin er síðar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 123, 18.5.2018, bls. 85.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 323, 12.12.2019, bls. 47.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 7. febrúar 2020.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Clara Ganslandt

formaður.

ÓOPINBER ÞÝÐING